

HEILBRIGÐISNEFND HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS  
10. fundur – 22. mars 1999

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 22. mars n. k. kl. 17:15 á bæjarskrifstofum Garðabæjar, 3. hæð.

Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra, Sigurborgar Daðadóttur, skrifstofustjóra.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir samkvæmt dagskrá:

**1. Fundargerð 9. fundar heilbrigðisnefndar.**

Engar athugasemdir voru gerðar við fundargerðina.

**2. Gjaldkrá fyrir heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.**

Lögð fram tillaga að gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit.

Starfsmenn gerðu grein fyrir nýrri gjaldskrá og eftir nokkrar umræður var svohljóðandi bókun gerð:

Heilbrigðisnefnd staðfestir gjaldskrána fyrir sitt leyti, en felur framkvæmdastjóra að leita eftir viðhorfum bæjarstjóra aðildasveitarfélaganna til gjaldskrárinnar áður en óskað er umsagnar Hollustuháttaráðs.

Starfsmenn viku af fundi.

**3. Starfsmannamál**

**3.1 Launanefnd sveitarfélaga**

Tillaga um að launanefnd sveitarfélaga geri samning við Dýralæknafélag Íslands.

Heilbrigðisnefnd ákvað að fresta afgreiðslu málsins og afla frekari gagna.

**3.2 Kærunefnd jafnréttismála**

Lagt fram erindi kærunefndar jafnréttismála dags. 15.3..1999.

Heilbrigðisnefnd felur formanni og varaformanni að koma með tillögu að svari við erindi kærunefndar jafnréttismála á næsta fund nefndarinnar.

**4. Önnur mál**

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:30.

Árni Sverrisson

Sigrún Ingólfssdóttir

Sigurgeir Ólafsson

Jón Bjarni Þorsteinsson

Katrín Gunnarsdóttir

Sigurlaug Sigurðardóttir